Rangárþing eystra



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2025

GREINARGERÐ

Greinargerð með fjárhagsáætlun Rangárþings eystra 2025 2
ALMENNAR FORSENDUR 2
LAGAUMGJÖRÐ 2
ÚTSVAR 3
FASTEIGNAGJÖLD 3
JÖFNUNARSJÓÐUR 4
LAUN 5
ALMENNAR FORSENDUR OG GJALDSKRÁR 5
LÁNTÖKUR 7
REKSTUR MÁLAFLOKKA 7
02 FÉLAGSMÁL 8
03 HEILBRIGÐISMÁL 8
04 FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL 8
05 MENNINGARMÁL 8
06 ÆSKULÝÐS- OG ÍÞRÓTTAMÁL 9
07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR 9
08 HREINLÆTISMÁL 9
09 SKIPULAGSFULLTRÚI 9
11 UMHVERFISMÁL 10
13 ATVINNUMÁL 10
21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR 10
HELSTU TÖLULEGAR NIÐURSTÖÐUR ÁÆTLUNAR 2025-2028 11
REKSTRAREIKNINGUR A OG B HLUTI 11
EFNAHAGSREIKNINGUR A OG B HLUTI 12
SJÓÐSTREYMISYFIRLIT A OG B HLUTI 13
LYKILTÖLUR 14
FJÁRFESTINGAYFIRLIT 15

Greinargerð með fjárhagsáætlun Rangárþings eystra 2025

ALMENNAR FORSENDUR

Í lögum um opinber fjármál er lögð áhersla á að fjárhagsáætlanir skuli byggðar á traustum forsendum um efnahagsmál. Í reglugerð nr. 1212/2015 segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á. Í fjárhagsáætlunin var notast við þjóðhagsspá sem Hagstofa birti 30. júní þar sem gert var ráð fyrir 3,9% verðbólgu. Hagstofa gaf út nýja spá 4. nóvember sl. og samkvæmt henni verður hagvöxtur, verðbólga og atvinnuleysi lítillega minna á spátímanum en í spánni sem birt var 30. júni. Áhrif breytinganna eru mjög lítil og því var áfram notast við þjóðhagsspána frá 30. Júní.

Helstu óvissuþættir í tengslum við þjóðhagsspá ársins og þar af leiðandi áætlun þessa eru eftirfarandi. Jarðhræringar á Reykjanesi og óvissa í tengslum við þær, t.a.m. áhrif á ferðaþjónustu. Alþjóðlegar efnahagshorfur þar sem óvissa ríkir m.a. vegna stríðsátaka í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafs. Enn eru kjarasamningar sumra starfsmanna sveitarfélagsins lausir og ekki hefur náðst að semja við stóra hópa launamanna. Laun eru langstærsti einstaki kostnaðarliður sveitarfélaga og áhrif launahækkana því mikil á áætlun ársins. Almennt var lagt upp með að gæta í hvívetna aðhalds í rekstri sveitarfélagsins. Þróun verðbólgu á Íslandi er einnig stór óvissuþáttur í fjárhagsáætlun þessari. Verði verðbólga meiri en þjóðhagsspá gerir ráð fyrir, kemur það til með að hafa mikil áhrif á rekstrarniðurstöðu sveitarfélagsins. Ferðaþjónusta er stór atvinnugrein í sveitarfélaginu og sú atvinnugrein sem vaxið hefur hvað mest á sl. tíu árum í sveitarfélaginu. Fjöldi ferðamanna skiptir sköpum um hagþróun næstu ára. Spá um fjölda ferðamanna gerir ráð fyrir 0,5% aukningu í ár og 2,5% aukningu árið 2025.

LAGAUMGJÖRÐ

Fjárhagsáætlun Rangárþings eystra fyrir árið 2025 er lögð fram og unnin skv. fyrirmælum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt lögunum skal byggðarráð leggja fyrir sveitarstjórn drög að fjárhagsáætlun og skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem og næstu þrjú ár þar á eftir. Tillögu að fjárhagsáætlun skal leggja fram fyrir sveitarstjórn til fyrri umræðu ekki síðar en 1. nóvember og síðari umræða skal fara fram í síðasta lagi 15. desember, en fjallað skal um tillöguna á tveimur fundum.

Fjárhagsáætlun sveitarfélags er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins, skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga. Einungis er hægt að víkja frá fjárhagsáætlun með því að samþykkja viðauka við áætlunina. Á það við um ákvarðanir, samninga og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum eða tilfærslum milli liða. Fjárhagsáætlun Rangárþings eystra er því eiginleg fjárveiting til rekstrar sveitarfélagsins og ber að fylgja henni.

Lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum eru megin lagaheimild sveitarfélaga til að leggja á skatta og þjónustugjöld. Í 1. kafla laganna segir að tekjustofnar sveitarfélaga séu útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði. Auk þess hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum og fleiru. Þá hafa þau ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðaleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

ÚTSVAR

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Við áætlun útsvars Rangárþings eystra er stuðst við áætlanir frá hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefur út staðgreiðsluáætlun sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að útsvarsstofn hækki um 6,8% milli áranna 2024 og 2025. Kemur sú hækkun til bæði vegna fólksfjölgunar í sveitarfélaginu og hækkunar á tekjum einstaklinga. Útsvarsgreiðslur fyrir árið 2025 eru áætlaðar 1.542 m.kr. samanborið við 1.442m.kr. í útgönguspá ársins 2024. Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að eftirágreitt útsvar verði um 148 m.kr. til viðbótar við staðgreiðslu útsvars. Tekin hefur verið ákvörðun um óbreytta útsvarsprósentu sveitarfélagsins og er hún 14,97%.

	2024	2023	2022	2021	2020
01 Janúar	104.443.097	99.705.785	85.467.216	90.989.290	81.945.263
02 Febrúar	113.019.959	103.062.818	93.096.173	82.136.961	76.655.620
03 Mars	103.200.313	101.044.878	87.882.893	79.003.294	77.693.802
04 Apríl	105.429.902	98.059.276	74.764.727	65.626.752	60.928.715
05 Maí	112.442.389	101.162.476	90.763.287	62.132.820	79.586.056
06 Júní	127.369.169	113.106.748	98.516.938	83.024.790	71.956.098
07 Júlí	118.676.863	115.155.876	84.684.004	82.322.032	80.260.491
08 Ágúst	129.448.252	124.999.048	107.544.151	79.672.024	85.233.636
09 September	147.117.173	135.094.014	122.390.304	111.870.322	114.643.326
10 Október	*136.440.955*	*117.974.904*	109.051.350	93.272.745	80.128.053
11 Nóvember	*131.444.764*	*114.119.413*	103.191.451	84.907.821	85.052.408
12 Desember		*140.652.886*	136.828.298	96.203.534	115.513.452
Samtals	1.329.032.836	1.364.138.122	1.194.180.792	1.011.162.385	1.009.596.920

Greidd staðgreiðsla til Rangárþings eystra, eftir mánuðum

FASTEIGNAGJÖLD

Fasteignaskattur er þriðji stærsti tekjustofn sveitarfélagsins og er lagður árlega á flestar fasteignir í sveitarfélaginu sem metnar eru fasteignamati, samkvæmt fasteignaskrá. Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið ár hvert og eru niðurstöðurnar kynntar í júnímánuði. Fasteignagjöld eru áætluð í álagningarkerfi fasteignagjalda sem er á vegum Þjóðskrár Íslands. Skatthlutföll haldast óbreytt milli áranna 2024-2025.

	2025	2024	2023	2022	2021
Fasteignaskattur A	0,375%	0,375%	0,375%	0,375%	0,35%
Lóðarleiga	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%	1,00%
Vatnsgjald	0,16%	0,18%	0,18%	0,21%	0,23%
Holræsagjald	0,18%	0,20%	0,20%	0,23%	0,25%
Sorpgjald þéttbýli	58.800	56.900	56.900	47.010	47.010

Þróun skatthlutfalla fasteignagjalda 2021-2025

Fasteignamat Þjóðskrár Íslands fyrir 2025 var birt 30. maí 2024 og er fasteigna- og landmat 2025 71.611 m.kr. Fasteignamat fyrir árið 2024 var 63.331 m.kr. og því hækkar fasteignastofninn fyrir fasteignamat árið 2025 um 10% milli ára. Meðalhækkun fasteignamats á landsvísu var 15,6%.

Fasteignaskattur
Samkvæmt fjárhagsáætlun er lagt til að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði haldist óbreyttur á milli ára. Áætlað er að tekjur af fasteignaskatti aukist um ríflega 36 milljónir milli ára.

Vatnsskattur og holræsagjald
Til að mæta þeim hækkunum sem orðið hafa á fasteinamati ákvað sveitarstjórn að lækka gjaldskrá vatnsskatts úr 0,18% af fasteignamati í 0,16% og gjaldskrá holræsagjalds úr 0,20% af fasteignamati í 0,18%. Með þessar breytingu munu tekjur af vatnsgjaldi og holræsagjaldi lækka um milljón á hvoru gjaldi fyrir sig.

Sorpgjöld
Töluverðar breytingar og stefnumótun hafa verið gerðar og eru fram undan í málaflokknum, vegna innleiðingar nýrra laga um meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélögum var gert að innleiða nýtt verklag og gjaldskrár í sorphirðu í ársbyrjun 2023, út frá fyrirkomulaginu „borgað þegar hent er“, skv. II. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Innheimta vegna söfnunar og annarrar meðhöndlunar úrgangs hefur tekið breytingum með fyrrnefndri innleiðingu og er aðalbreytingin sú að sá borgi sem mengar. Sorpgjöld hækka um 3,5% á milli ára.

Lóðarleiga
Lóðarleiga breytist ekki á milli ára.

JÖFNUNARSJÓÐUR

Samkvæmt lögum nr. 4/1195 um tekjustofna sveitarfélaga er sjóðurinn ein þriggja meginstoða sveitarfélaga. Hann er því ekki síður en útsvar og fasteignaskattur mikilvægur þáttur í fjármögnun sveitarsjóðs. Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Framlög til sveitarfélagsins skiptast í fjóra flokka; sérstök framlög (s.s. vegna sameiningar sveitarfélaga eða fjárhagserfiðleika), jöfnunarframlög (skiptist í tekjujöfnunarframlag og útgjaldajöfnunarframlag), jöfnunarframlag vegna reksturs grunnskóla og jöfnunarframlag vegna þjónustu við fatlaða. Tekjujöfnunarframlagi er ætlað að jafna tekjur sveitarfélaga, s.s. vegna fasteignagjalda en útgjalda-jöfnunarframlagi er ætlað að mæta mismunandi útgjöldum sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjöld, svo sem íbúafjölda, fjarlægða innan sveitarfélaga, skólaaksturs úr dreifbýli o.fl.

Gert er ráð fyrir að útgjaldajöfnunarframlag og framlag vegna fasteignaskatts hækki töluvert á milli ára á meðan grunnskólaframlag heldur áfram að lækka. Í heild gerir áætlunin ráð fyrir að framlög jöfnunarsjóðs hækki um 4,7% milli ára.

	2025	2024 áætlun	2023	2022	2021
Fasteignaskattsframlag	177.983.434	163.577.585	146.400.552	121.410.156	86.887.247
Útgjaldajöfnunarframlag	390.183.417	366.118.447	372.062.119	310.340.788	284.908.046
Grunnskólaframlag	64.465.986	68.771.815	104.408.972	128.246.034	97.735.334
Framlag v. Sérþarfa fatlaðra.	701.732	6.201.202	7.290.042	7.669.916	7.850.000
Framlag v. Nýbúafræðslu	6.159.028	6.398.989	4.420.000	4.160.000	3.750.000
samtals	639.493.597	611.068.038	634.581.685	571.826.894	481.130.627
	4,7%	-3,7%	11,0%	18,9%	14,5%

Tafla 4. Þróun greiðslna úr Jöfnunarsjóði árin 2021-2025

LAUN

Laun eru langstærsti einstaki kostnaðarliður sveitarfélagsins. Launahækkanir samkvæmt launavísitölu hafa legið á bilinu 6-7% mörg undanfarin ár. Enn er óvissa um hluta launahækkana starfmanna sveitarfélagsins, þar sem kjarasamningar hluta starfsmanna sveitarfélagsins eru lausir og ekki hefur náðst að semja. Því er erfitt að áætla hver raunverulegur launakostnaður verður árið 2025, séstaklega í skólum sveitarfélagsins. Áætlunin tekur m.a. mið af spá Hagstofu Íslands um þróun launavísitölu og er gert ráð fyrir 5,6% meðaltals launahækkunum á árinu. Áætlað er að heildarlaunagreiðslur A hluta verði 1.721 milljónir króna á árinu 2025. Það fara því um 50% af heildartekjum A hluta í launagreiðslur starfsmanna sveitarfélagsins.

ALMENNAR FORSENDUR OG GJALDSKRÁR

Í áætlun 2025 er gert ráð fyrir 2,3% fjölgun íbúa í Rangárþingi eystra milli ára. Verðbólga hefur verið há undanfarin ár en hefur verið á hægri niðurleið það sem af er ári. Spár fyrir 2025 gera áfram ráð fyrir verðbólgu en í þessari áætlun er notast við þjóðhagsspá sem gerir ráð fyrir 3,9% verðbólgu árið 2025. Var miðað við þá spá við útreikninga skulda og afborgana í áætlun þessari. Miðað var við að almennar hækkanir á vöru og þjónustukaupum yrðu 3,5-12% og almennar gjaldskrárhækkanir sveitarfélagsins eru flestar hækkaðar um 3,5% en gjaldskrár sem tengjast börnum hækka um 2,5%.

FJÁRFESTINGAR

Undanfarin ár hafa fjárfestingar verið töluverðar, sú stærsta var bygging nýs leikskóla sem lauk árið 2023. Áframhaldandi þörf er á uppbyggingu innviða í sveitarfélaginu og gerir áætlun ársins 2025 ráð fyrir að fjárfest verið fyrir 681,4 milljónir króna, tekjur af gatnagerð eru áætlaðar 138 milljónir og koma til lækkunar auk þess sem gert er ráð fyrir 74,5 milljón króna fjárfestingu í samrekstarfélögum. Samtals hljóða fjárfestingaáætlun sveitarfélagsins því upp á kr 543,5

Örfáar lóðir eru lausar undir byggingu nýrra húsa og því mikilvægt að halda áfram með nýja gatagerð en gert er ráð fyrir að hefja fyrsta áfanga gatnagerðar í Bergþórugerði og gert er ráð fyrir gangstéttum í Hallgerðartúni. Til að tryggja lóðir undir atvinnuhúsnæði gerir áætlunin ráð fyrir gatnagerð við Dufþaksbraut og Austurveg 19. Farið verður af stað í endurnýjun gatna í eldri hluta Hvolsvallar. Fyrsti áfangi í þeirri vegferð er endurnýjun gatna, gangstétta og lagna í Stóragerði.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðhaldi við Hvolsskóla, fyrir alls 30.000.000, viðhaldi á félagsheimilum fyrir 20.000.000 og framkvæmdum við lóð Áhaldahúss fyrir 10,000.000. Gert er ráð fyrir tækjakaupum í áhaldahúsi fyrir 14 milljónir. Verkefni sem hafin voru á árinu 2024 á sviði íþróttamála verður haldið áfram 2025 það er, hönnun á gervigrasvelli, körfuboltavöllur á lóð Hvolsskóla og hönnun á útisvæði sundlaugar fyrir samtals 40 milljónir króna. Auk þess er gert ráð fyrir að klæða Nýbýlaveg 40 en allar íbúðir í húsinu eru í eigu sveitarfélagsins.

Áætlunin í heild gerir ráð fyrir fjárfestingum að heildarupphæð 543,5 milljónir. Nánari skiptingu má sjá í töflunni hér að neðan.

Framkvæmdaáætlun 2025	Málaflokkur	Áætluð upphæð	Tekjur	Samtals upphæð
Gatnagerð	32	463.000.000	138.000.000	325.000.000
Hvolsskóli	4	30.000.000	0	30.000.000

Félagsheimili	5	20.000.000	0	20.000.000
Íþróttamannvirki	6	40.000.000	0	40.000.000
Leiguhúsnæði		30.000.000	0	30.000.000
Þjónustumiðstöð lóð	34	10.000.000	0	10.000.000
Þjónustumiðstöð tæki	34	14.000.000	0	14.000.000
Samstarfsverkefni a hluta		49.919.000	0	49.919.000
Samstarfsverkefni b hluta		24.564.000	0	24.564.000
Samtals fjárfestingar		681.483.000	138.000.000	543.483.000

LÁNTÖKUR

Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð 136 milljónum króna á árinu 2025, til að mæta kostnaði við fjárfestingar en 407,5 milljónir verða fjármagnaðar með eiginfé. Gert er ráð fyrir að lán verði tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

REKSTUR MÁLAFLOKKA

SKIPTING KOSTNAÐAR A-HLUTA, MILLI MÁLAFLOKKA 2025



02 FÉLAGSMÁL

Félagsþjónusta sveitarfélagsins er rekin í byggðasamlagi með sveitarfélögum í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Fjárheimildir til byggðasamlagsins aukast milli ára og framlög til málaflokksins í heild sinni hækka um 8,5%.

Málefni fatlaðra eru rekin í Bergrisanum, byggðasamlagi sem rekið er með öllum sveitarfélögum á Suðurlandi. Framlög til Bergrisans hækka um tæp 9% eða 2,5 milljónir.

Í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins er áfram gert ráð fyrir að reka VISS vinnustað fyrir tilstilli Bergrisans, en þetta er fimmta árið í rekstri VISS. Umfang VISS hefur aukast töluvert á árinu, frá því að það kom

fyrst í sveitarfélagið. Vinnustaðurinn er kominn í endanlega húsnæði í gömlu Örkinni og er gert ráð fyrir áframhaldandi vexti hjá Viss.

03 HEILBRIGÐISMÁL

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sér um málaflokkinn en fjárheimildir hækka um 6,8% milli ára.

04 FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL

Fræðslu- og uppeldismál eru langstærsti einstaki málaflokkur sveitarfélagsins en 53% útgjalda A hluta sveitarfélagsins fara beint í málaflokkinn. Fjárheimildir til málaflokksins í heild hækka um 6,8% milli ára, en samtals eru þær rétt um 1,46 milljarður króna.

Gert er ráð fyrir að framlög til leikskólans Öldunnar hækki um 7,7% á milli ára. Rekstur leikskólans í nýju húsnæði er töluvert hærri en var í fyrra húsnæði, munar þar mest um hærri innri leigu sem greidd er til eignasjóðs en hún hækkar úr 20 milljónum í 95 milljónir. Áfram er gert ráð fyrir að sjö deildir verði reknar á leikskólanum.

Framlög til Hvolsskóla hækka um 7%, gert er ráð fyrir að rekstur skólans verði sambærilegur við fyrri ár. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri skólaskjóls og eru framlög til þess óbreytt milli ára. Viðhaldi á Hvolsskóla verður haldið áfram og er gert ráð fyrir 30.000.000 fjárfestingu í viðhaldið árið 2025.

Skólaþjónusta sveitarfélagsins er rekin í byggðasamlagi með félagsþjónustu, framlög til skólaþjónustu hækka um 5% milli ára.

Framlög til Tónlistarskóla Rangæinga hækka um 3% milli ára. Tónlistarskólinn er rekinn í byggðasamlagi.

05 MENNINGARMÁL

Heildarfjárheimildir til menningarmála lækka milli ára, en heildarfjármagn til málaflokksins eru 173 milljónir. Ástæða lækkunarinnar er fyrst og fremst tilkominn vegna sölu húsnæðis Sögusetur sem selt var 2024, því fellur enginn kostnaður á málaflokkinn vegna þess á árinu 2025. Sem dæmi var bókfærð leiga til eignasjóðs 7 milljónir.
Veigamestu liðir í málaflokknum er rekstur Héraðsbókasafns, Héraðsskjalasafns og rekstur þeirra sex félagsheimila sem eru í sveitarfélaginu.

Menningarsjóður sveitarfélagsins sem stofnaður var árið 2019, er festur í sessi og er gert ráð fyrri verulegri hækkun til sjóðsins. Fram til þessa hafa 2,5 milljónir verið úthlutunar en árið 2025 verða þær 3,5 milljónir og er gert ráð fyrir úthlutun úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári. Gert er áfram ráð fyrir kostnaði vegna viðburða og hátíðarhalda til dæmis á 17. júní og Kjötsúpuhátíð.

06 ÆSKULÝÐS- OG ÍÞRÓTTAMÁL

Fjárheimildir til æskulýðs- og íþróttamála hækka um 6,4% á milli ára en framlög til æskulýðs og íþróttamála nema 287.250.697 kr. Áfram verður lögð áhersla á málefni ungra íbúa í samfélaginu, með eflingu ungmennaráðs og styrkjum til þeirra íþróttafélaga sem reka ungliðastarf í sveitarfélaginu. Einnig er lögð rík áhersla á almenna lýðheilsu en sveitarfélagið mun halda áfram innleiðingu Heilsueflandi samfélags.

Framlög til reksturs íþróttamiðstöðvar hækka um 7% milli ára. Árið 2024 var helgaropnun íþróttamiðstöðvar og sundlaugar yfir vetrartímann lengd og verður áfram gert ráð fyrir þeirri opunun árið 2025. Einnig er gert ráð fyrir tækjakaupum til líkamsræktar. Gert er ráð fyrir fjárfestingum að upphæð 40 milljónir vegna hönnunar á útisvæði við sundlaug, kostnaðarmatsgreiningu og hönnun á uppbygginu á gervigrasvelli og frágangi og jarðvinnu á utanhúss körfuboltavelli.

07 BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR

Fjárheimildir til Brunavarna, sem rekin eru í byggðasamlagi, hafa hækkað töluvert undanfarin ár. Gert er ráð fyrir 10% hækkun milli ára í framlögum til reksturs slökkviliðs. Í áætluninni er gert ráð fyrir eflingu slökkviliðs, slökkviliðsstjóra í 100% starfshlutfall og búnaðarkaupa næstu 5 árin í samræmi við brunavarnaáætlun sem samþykkt var í lok árs 2021. Fjárfestingaráætlun gerir ráð fyrir kaupa á nýjum slökkvibíl, sem afhentur verður í október.

08 HREINLÆTISMÁL

Sorphreinsun, sorpeyðing og rekstur gámastöðva fer fram í gegnum byggðasamlagið Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. Fjárheimildir til málaflokksins standa nánast í stað en hafa þrjú ár þar á undan lækkað. Stigin hafa verið skref í átt að því að uppfylla lög um meðhöndlun og urðun úrgangs sem tóku gildi um áramótin 2022-2023. Eitt af markmiðum laganna er að festa í sessi hringrásarhagkerfi. „Borgað þegar hent er“ hefur verið yfirskrift laganna og miðar að því að sá sem á úrganginn greiði fyrir hann en ekki sé greiddur flatur urðunarskattur eða að urðun úrgangs sé niðurgreidd af sveitarfélögum. Sveitarfélagið innheimtir sorphirðu og eyðingargjöld, sem standa eiga undir kostnað við málaflokkinn en í ár greiðir sveitarfélagið 11 milljónir með málaflokknum.

09 SKIPULAGSFULLTRÚI

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 30% milli ára, úr 22 milljónum í 31,5 milljón. Ástæða hækkunarinnar er fyrst og fremst hækkun á leigu gatnakerfis, af eignarsjóð vegna mikilla fjárfestinga í gatnagerð en hækkar leigan um 40% eða 9,5 milljónir.

Líkt og í áætlun fyrri ára er gert ráð fyrir kostnaði við viðhald og endurnýjun götulýsingar, en RARIK afhenti sveitarfélaginu verkefnið í lok árs 2021. Gert er ráð fyrir 10 milljónum í sérstakt átak við að bæta og lagfæra göngustíga, gönguþveranir og gangstéttar í sveitarfélaginu. Er þetta hluti af stærra verkefni sem gert er ráð fyrir að halda áfram með næstu árin.

10 UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL

Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 30% milli ára, úr 22 milljónum í 31,5 milljón. Ástæða hækkunarinnar er fyrst og fremst hækkun á leigu gatnakerfis, af eignarsjóð vegna mikilla fjárfestinga í gatnagerð en hækkar leigan um 40% eða 9,5 milljónir.

Líkt og í áætlun fyrri ára er gert ráð fyrir kostnaði við viðhald og endurnýjun götulýsingar, en RARIK afhenti sveitarfélaginu verkefnið í lok árs 2021. Gert er ráð fyrir 10 milljónum í sérstakt átak við að bæta og lagfæra göngustíga og gangstéttar í sveitarfélaginu. Er þetta hluti af stærra verkefni sem halda á áfram með næstu árin.

11 UMHVERFISMÁL

Fjárheimildir til umhverfismála standa í stað á milli ára. Áfram verður gert ráð fyrir kostnaði við fegrun sveitarfélagsins bæði í þéttbýli og dreifbýli, styrkjum til landgræðslu og umhirðu gatna. Gert er ráð fyrir umhverfis og garðyrkjustjóra en nýverið var lokið við ráðningu í starfið. Gert er ráð fyrir ríflega 6 milljóna króna kostnaði við refa- og minkaveiðar.

13 ATVINNUMÁL

Framlög til atvinnumála hækkar um 17% eða 4,6 milljónir. Flestir liðir innan málaflokksins fá óbreytt framlag frá fyrra ári. Munar þar mest um lækkun tekna að upphæð 3,2 milljónir, þar sem ekki er gert ráð fyrir tekjum af tjaldsvæði við Skógafoss árið 2025, þar sem tjaldsvæðið verður lagt niður á árinu.

Áfram er gert ráð fyrir kostnaði við uppbygging og viðhald ferðamannastaða, fjallaskála og framræsla skurða. Undir málaflokkinn fellur nýtt starf Byggðarþróunarfulltrúa en sveitarfélagið greiðir 25% af kostnaði við starfið, á móti Rangárþingi ytra og SASS sem greiða samtals 75% kostnaðar. Áætlaður kostnaðar sveitarfélagsins vegna starfsins er 3,5 milljónir.

21 SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Gert er ráð fyrir að framlög til sameiginlegs kostnaðar hækki í takt við verðlag eða um 6% milli ára. Áfram er gert ráð fyrir kostnaði við samning við Auðnast ehf um velferð starfsfólks, vegna sameiginlegs starfsmannakostnaðar sveitarfélagsins, 12 milljónum til Kötlu Geopark, innleiðingu Barnvæns samfélags, Héraðsnefndar og markaðsmála.

HELSTU TÖLULEGAR NIÐURSTÖÐUR ÁÆTLUNAR 2025-2028

Hér á eftir birtast helstu tölulegar upplýsingar úr áætlun 2025-2028. Fyrir nánari útlistun er bent á skjal með fjárhagsáætluninni í heild.

REKSTRAREIKNINGUR A OG B HLUTI

Samantekið - A og B hluti	Rauntölur 2023	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028
Rekstrarreikningur						
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur	1.701.185	1.860.659	2.035.447	2.162.610	2.291.626	2.427.032
Framlög Jöfnunarsjóðs	847.495	824.920	904.185	926.789	949.959	973.708
Aðrar tekjur	646.051	861.713	803.091	815.581	839.845	864.594
	3.194.731	3.547.292	3.742.723	3.904.979	4.081.429	4.265.333
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	1.507.024	1.665.988	1.782.052	1.881.633	1.980.818	2.082.971
Lífeyrisskuldbinding, breyting	37.438	63.106	34.031	30.000	30.000	30.000
Annar rekstrarkostnaður	1.046.476	1.267.026	1.438.396	1.466.554	1.506.872	1.549.433
	2.590.938	2.996.120	3.254.479	3.378.187	3.517.690	3.662.404
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	603.793	551.172	488.243	526.792	563.739	602.930
Afskriftir	(144.121)	(171.865)	(190.698)	(215.752)	(238.382)	(260.026)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	459.672	379.307	297.545	311.040	325.357	342.904
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	(170.673)	(154.846)	(122.238)	(100.437)	(102.915)	(111.189)
Rekstrarniðurstaða án framlaga og skatta	288.999	224.461	175.308	210.603	222.442	231.714
Framlög frá eigin sjóðum	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga	0	0	0	0	0	0
Tekjuskattur	(952)	(1.000)	(1.200)	(1.200)	(1.200)	(1.200)
Óreglulegir liðir, tekjur (gjöld)	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	**288.047**	**223.461**	**174.108**	**209.403**	**221.242**	**230.514**

EFNAHAGSREIKNINGUR A OG B HLUTI

Samantekið - A og B hluti	Rauntölur 2023	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028
Efnahagsreikningur - Eignir						
Fastafjármunir:						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
Fasteignir og lóðir	4.286.856	4.230.430	4.225.698	4.305.665	4.270.582	4.448.000
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	460.436	642.907	936.308	1.166.729	1.490.070	1.719.812
Vélar, áhöld og tæki	166.783	150.117	214.233	217.093	200.452	183.268
Leigðar eignir	0	0	0	0	0	0
	4.914.075	5.023.455	5.376.239	5.689.487	5.961.105	6.351.079
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
Stofnframlög og eignarhlutir í öðrum félögum	219.260	219.260	219.260	219.260	219.260	219.260
Tekjuskattseign	739	739	739	739	739	739
Langtímakröfur	5.321	5.641	5.861	6.019	6.169	6.324
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	122.961	117.136	111.311	105.486	99.661	93.836
	348.282	342.776	337.171	331.504	325.830	320.159
Fastafjármunir	5.262.356	5.366.231	5.713.410	6.020.991	6.286.935	6.671.238
Veltufjármunir:						
Birgðir	3.925	3.925	3.925	3.925	3.925	3.925
Óinnheimtar tekjur	178.420	178.420	178.420	178.420	178.420	178.420
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	(0)	0	0	(0)	(0)	(0)
Næsta árs afborganir langtímakrafna	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirt.	0	0	0	0	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825
Aðrar skammtímakröfur	218.538	218.538	218.538	218.538	218.538	218.538
Verðbréf	0	0	0	0	0	0
Handbært fé	113.230	278.509	192.108	239.718	318.778	401.285
Veltufjármunir	519.937	685.216	598.815	646.425	725.485	807.992
Eignir samtals	**5.782.293**	**6.051.447**	**6.312.225**	**6.667.416**	**7.012.420**	**7.479.230**

Samantekið - A og B hluti	Rauntölur 2023	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028
Efnahagsreikningur - Eigið fé og skuldir						
Eiginfjárreikningar:						
Eigið fé	3.362.056	3.585.517	3.759.624	3.969.027	4.190.269	4.420.784
Hlutdeild minnihluta	0	0	0	0	0	0
	3.362.056	3.585.517	3.759.624	3.969.027	4.190.269	4.420.784
Skuldbindingar:						
Lífeyrisskuldbindingar	254.595	308.582	332.590	352.679	372.781	392.878
Tekjuskattskuldbinding	0	0	0	0	0	0
Aðrar skuldbindingar	0	0	0	0	0	0
	254.595	308.582	332.590	352.679	372.781	392.878
Langtímaskuldir:						
Skuldir við lánastofnanir og aðrar langtímaskuldir	1.732.209	1.696.730	1.742.979	1.845.710	1.925.580	2.111.294
Leiguskuldir	0	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki	0	0	0	0	0	0
	1.732.209	1.696.730	1.742.979	1.845.710	1.925.580	2.111.294
Skammtímaskuldir:						
Skuldir við lánastofnanir	0	0	0	0	0	0
Reiknuð fjárþörf	0	0	0	0	0	0
Viðskiptaskuldir	0	0	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki	(0)	(0)	(0)	(0)	(0)	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	111.769	139.460	155.476	178.158	201.675	231.881
Næsta árs afborganir leiguskulda	0	0	0	0	0	0
Næsta árs afborganir skuldbindinga	10.709	10.203	10.600	10.887	11.159	11.438
Næsta árs afb. langtímask. við eigin fyrirtæki	0	0	(0)	0	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	310.955	310.955	310.955	310.955	310.955	310.955
	433.433	460.618	477.031	499.999	523.788	554.274
Skuldir og skuldbindingar samtals	2.420.236	2.465.930	2.552.600	2.698.388	2.822.150	3.058.446
Eigið fé og skuldir samtals	**5.782.292**	**6.051.446**	**6.312.224**	**6.667.415**	**7.012.419**	**7.479.229**

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT A OG B HLUTI

Samantekið - A og B hluti	Rauntölur 2023	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028
Sjóðstreymisyfirlit						
Rekstrarhreyfingar:						
Niðurstaða ársins	288.047	223.461	174.108	209.403	221.242	230.514
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	144.121	171.865	190.698	215.752	238.382	260.026
Verðbætur og gengismunur	128.771	110.319	70.676	54.204	53.320	57.526
Byggingarréttur	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga	0	0	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	(5.370)	(135.667)	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap eignarhluta	0	0	0	0	0	0
Frestaður tekjuskattur, breyting	84	0	0	0	0	0
Framlög frá eigin sjóðum	0	0	0	0	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingum	31.613	63.106	34.031	30.000	30.000	30.000
Breyting á öðrum skuldbindingum	0	0	0	0	0	0
Aðrir liðir	(10)	0	0	0	0	0
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	587.256	433.084	469.512	509.359	542.944	578.066
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:						
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825	5.825
Birgðir, breyting	19	0	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, breyting	(14.265)	0	0	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur, breyting	3.612	0	0	0	0	0
Skammtímaskuldir, breyting	2.443	0	0	0	0	0
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga	(10.199)	(9.625)	(9.625)	(9.625)	(9.625)	(9.625)
Greiðslur vegna annarra skuldbindinga	0	0	0	0	0	0
	(12.566)	(3.800)	(3.800)	(3.800)	(3.800)	(3.800)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	574.690	429.284	465.712	505.559	539.144	574.266
Fjárfestingarhreyfingar:						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(1.059.416)	(298.078)	(543.483)	(529.000)	(510.000)	(650.000)
Söluverð rekstrarfjármuna	16.541	120.000	0	0	0	0
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0	0	0	0	0	0
Söluverð íbúðarhúsnæðis	0	32.500	0	0	0	0
Gatnagerðargjöld	65.397	0	0	0	0	0
Byggingarréttur	0	0	0	0	0	0
Eignarhlutir í félögum, breyting	0	0	0	0	0	0
Langtímakröfur, breyting	(149)	0	(0)	0	0	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting	0	0	0	0	0	0
Skammtímakröfur, breyting	0	0	0	0	0	0
	(977.628)	(145.578)	(543.483)	(529.000)	(510.000)	(650.000)
Fjármögnunarhreyfingar:						
Framlög frá eigin fyrirtækjum og aður	0	0	0	0	0	0
Breyting á hlutafé	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting	0	(0)	0	0	(0)	(0)
Tekin ný langtímalán	327.446	0	135.930	230.000	230.000	360.000
Afborganir langtímalána	(120.092)	(118.426)	(144.561)	(158.949)	(180.084)	(201.759)
Afborganir leiguskulda	0	0	0	0	0	0
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki, breyting	(0)	(0)	0	(0)	(0)	0
Skammtímalán, breyting	0	0	0	0	0	0
	207.354	(118.426)	(8.631)	71.051	49.916	158.241
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(195.583)	165.280	(86.402)	47.610	79.061	82.507
Handbært fé (fjárþörf) í ársbyrjun	308.813	113.230	278.509	192.108	239.717	318.778
Handbært fé (fjárþörf) í árslok	**113.230**	**278.509**	**192.108**	**239.718**	**318.778**	**401.285**

LYKILTÖLUR

Samantekið - A og B hluti	Rauntölur 2023	Útkomuspá 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028
Lykiltölur						
Í hlutfalli við tekjur						
Rekstrartekjur:						
Útsvar og fasteignaskattur	53,2%	52,5%	54,4%	55,4%	56,1%	56,9%
Framlög Jöfnunarsjóðs	26,5%	23,3%	24,2%	23,7%	23,3%	22,8%
Aðrar tekjur	20,2%	24,3%	21,5%	20,9%	20,6%	20,3%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Rekstrargjöld:						
Laun og launatengd gjöld	47,2%	47,0%	47,6%	48,2%	48,5%	48,8%
Annar rekstrarkostnaður	32,8%	35,7%	38,4%	37,6%	36,9%	36,3%
Afskriftir	4,5%	4,8%	5,1%	5,5%	5,8%	6,1%
Fjármagnsliðir, nettó	5,3%	4,4%	3,3%	2,6%	2,5%	2,6%
	89,8%	91,9%	94,4%	93,8%	93,8%	93,9%
Framlög frá eigin sjóðum	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Peningaleg staða (neikvæð)	(59,3%)	(50,0%)	(52,0%)	(52,4%)	(51,2%)	(52,6%)
Skuldir og skuldbindingar	75,8%	69,5%	68,2%	69,1%	69,1%	71,7%
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	9,0%	6,3%	4,7%	5,4%	5,4%	5,4%
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	18,4%	12,2%	12,5%	13,0%	13,3%	13,6%
Fjárfestingarhreyfingar	(30,6%)	(4,1%)	(14,5%)	(13,5%)	(12,5%)	(15,2%)
Í þúsundum króna á hvern íbúa						
Rekstur:						
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður	1.210	1.236	1.323	1.360	1.396	1.434
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	307	397	361	359	362	364
Tekjur samtals	1.516	1.633	1.684	1.719	1.758	1.798
Rekstrargjöld og fjármagnsliðir nettó	(1.311)	(1.451)	(1.520)	(1.531)	(1.559)	(1.591)
Framlög frá eigin sjóðum	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	137	103	78	92	95	97
Efnahagur:						
Heildareignir	2.744	2.786	2.841	2.935	3.020	3.153
Eigið fé	1.596	1.651	1.692	1.747	1.805	1.864
Skuldbindingar og aðrir liðir	121	142	150	155	161	166
Skuldir	1.028	993	999	1.032	1.055	1.124
Eigið fé og skuldir samtals	2.744	2.786	2.841	2.935	3.020	3.153
Aðrar lykiltölur:						
Veltufjárhlutfall	1,20	1,49	1,26	1,29	1,39	1,46
Eiginfjárhlutfall	0,58	0,59	0,60	0,60	0,60	0,59
Íbúafjöldi 31. desember	2.107	2.172	2.222	2.272	2.322	2.372

FJÁRFESTINGAYFIRLIT

Fjárfestingaryfirlit						
Fjárfesting	**Ár**					
Hluti	**Árið 2024**	**Árið 2025**	**Árið 2026**	**Árið 2027**	**Árið 2028**	**Samtals**
A hluti						
Eignasjóður	**270.500**	**445.000**	**449.000**	**410.000**	**360.000**	**1.934.500**
Viðhald húsnæðis og uppbygging	70.500	40.000	0	0	0	110.500
Gatnagerð og endurnýjun gatna	0	325.000	214.000	320.000	190.000	1.049.000
Uppbygging á Skógum	200.000	0	0	0	0	200.000
Gerfigras og sundlaugasvæði	0	0	170.000	0	0	170.000
Viðhald húsnæðis	0	0	0	40.000	0	40.000
Viðhald eigna	0	80.000	50.000	0	20.000	150.000
Leiktæki opin svæði	0	0	15.000	0	0	15.000
Íþróttasvæði	0	0	0	50.000	0	50.000
Sundlaugasvæði	0	0	0	0	150.000	150.000
Þjónustustöð	**0**	**24.000**	**20.000**	**40.000**	**180.000**	**264.000**
Plan og girðing	0	10.000	0	0	0	10.000
Áhaldahús tæki	0	14.000	20.000	20.000	0	54.000
Áhaldahús	0	0	0	20.000	160.000	180.000
Tækjakaup	0	0	0	0	20.000	20.000
Samstarfsverkefni A hluta	**5.649**	**49.919**	**0**	**0**	**0**	**55.568**
Félags- og skólaþjón	1.769	0	0	0	0	1.769
Brunavarnir Rangæinga	3.880	0	0	0	0	3.880
Samstarfsverkefni A hluta - Vélar,	0	49.919	0	0	0	49.919
A hluti samtals	**276.149**	**518.919**	**469.000**	**450.000**	**540.000**	**2.254.068**
B hluti						
Fráveita	**0**	**0**	**0**	**0**	**50.000**	**50.000**
Fráveita	0	0	0	0	50.000	50.000
Vatnsveita	**3.500**	**0**	**60.000**	**60.000**	**60.000**	**183.500**
Ný lögn	3.500	0	0	0	0	3.500
Endurnýja lagnir Landeyjar	0	0	60.000	60.000	0	120.000
Vatnsveita	0	0	0	0	60.000	60.000
Samstarfsverkefni B hluta	**18.429**	**24.564**	**0**	**0**	**0**	**42.993**
Sorpstöð Rangæinga	18.429	0	0	0	0	18.429
Samstarfsverkefni B hluta - Vélar,	0	24.564	0	0	0	24.564
B hluti samtals	**21.929**	**24.564**	**60.000**	**60.000**	**110.000**	**276.493**
Samantekið - A og B hluti	**298.078**	**543.483**	**529.000**	**510.000**	**650.000**	**2.530.561**